

**L ö g**

um

11  
19. júní.

sjerstakar dómþinghár í Viðvíkur- og Hólahreppum í Skagafjarðarsýslu, Blönduós- og Torfalækjarhreppum í Húnavatnssýslu og Ljósavatns- og Bárðdælahreppum í Þingeyjarsýslu.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Viðvíkur- og Hólahreppur í Skagafjarðarsýslu, Blönduós- og Torfalækjarhreppur í Húnavatnssýslu og Ljósavatns- og Bárðdælahreppur í Þingeyjarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Viðvík, Hólum, Blönduósi, Torfalæk, Ystafelli og Sigurðarstöðum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Sig. Eggerz.*